

30 bundin hinum sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í nefndu brjefi 10. okt. 27. febr. 1874. Þetta bið jeg yður, herra amtmaður þjónustusamlega að tilkynna forstöðu-nefnd ofanefnds sparisjóðs.

31 Brjef landshöföngja til framkvæmdarstjóra landsbankans um heimild til að 27. febr. vikja frá 23. gr. bankareglugjörðarinnar. — Samkvæmt beiðni yðar, herra framkvæmdarstjóri, í þóknanlegu brjefi, dags. 21. p. m., er þjer hafið ritað mjer í nafni stjórnar landsbankans, framlengist hjer með fyrst um sinn heimild sú til að vikja frá 23. gr. bankareglugjörðarinnar 5. júní 1886, sem bankastjórninni var veitt fyrir tveggja ára tímabil með brjefi mínu, dags. 30. júní 1888, og sem annars væri útrunnin á komandi sumri.

32 Brjef landshöföngja til amtsmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um 7. marz. sveitfesti þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. p. m. hafið þjer herra amtmaður sent mjer brjef hreppsnefndaroddivitans í Bæjarhreppi í Austur-Skaptafellssýslu, þar sem hann áfrýjar til mín úrskurði yðar 24. okt. f. á., er staðfestir úrskurð sýslumannsins í Skaptafellssýslu um sveitfesti gamalmennisins Ólafar Þorvarðardóttur í Bæ. Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar ráðstöfunar og frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem tjeður úrskurður yðar er byggður á, og skal hann því í öllum greinum óraskaður standa.¹

1) Úrskurður amtsmannsins í máli þessu er svo hljóðandi:

Með þóknanl. brjefi, dags. 1. júlí p. á., hafið þjer br. sýslumaður, sent amtinu brjef frá hreppsnefndinni í Bæjarhreppi, dags. 7. júní p. á. til amtsins, en með því brjefi áfrýjar hreppsnefndin úrskurði yðar, uppkveðnum 9. marz p. á., um sveitfesti Ólafar nokkurrar Þorvarðardóttur í Bæ, er ákveður að nefndur kvennmaður sje sveitlægur í Bæjarhreppi.

Af skjölum málsins sjest, að tjeð Ólöf Þorvarðardóttir fardagaárin 1871—1873 hefur verið á sveitarframfæri í Nesjahreppi í Skaptafellssýslu, og þá verið skoðuð þar sem þurfalingur; en vorið 1873 fluttist hún þaðan án tilhlutunar sveitastjórnarinnar að Bæ í Bæjarhreppi, og hefur síðan stöðugt dvalið þar hjá dóttur sinni og tengdasyni og notið forsorgunar hjá þeim, án þess að þiggja sveitarstyrk, til vorsins 1888, að tengdasonur hennar sagði hana til sveitar í Nesjahreppi, en hreppsnefndin í síðastnefndum hreppi hefur neitað að taka við nefndri Ólöfu til sveitarframfærzlu, fyrir þá sök, að hún með dvöl sinni öll árin 1873—1888 samfleytt í Bæjarhreppi, án þess að þiggja á því tímabili nokkurn sveitarstyrk, hafi unnið sjer þar sveit, en hreppsnefndin í Bæjarhreppi hefur aptur á móti haldið því fast fram, að Ólöf geti ekki hafa unnið sjer framfærslurjett þar í sveit, fyrir þá sök, að hún alla þá tíð, sem hún hafi dvalið þar, hafi verið ómági. Þessa ástæðu hreppsnefndar Bæjarhrepps hafið þjer með úrskurði yðar álitid, að ekki bæri að taka til greina, með því Ólöf hafi vitanlega verið «vistföst» í Bæjarhreppi samfleytt í meira en 10 ár, en til þess að geta heitið vistföst, útheimtist ekki, að Ólöf hafi sjálf getað unnið fyrir sjer í 10 ár; það sje nóg í því tilliti, að hún hafi dvalið í Bæjarhreppi löglegri dvöl samfleytt nefndan tíma hjá dóttur sinni, er tekið hafði hana til sin.

Út af þessu vil jeg ekki láta hjá líða, að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á úrskurð yðar í þessu máli og ástæður þær, sem hann er byggður á, og er hann því hjer með staðfestur, sbr. Cancellibrjef 15. apríl 1843, dómsmálastjórnarbrjef 31. maí 1858 og 11. júlí 1866.